

Kynferðislegt ofbeldi gegn körlum – grein 01.12.2017

Hugtök um kynferðislegt ofbeldi, hvað karla snertir, hafa mótast af tíðaranda, þar sem konur hafa átt sviðið. Til dæmis fól opinber skilgreining á nauðgun í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA) í sér ódæði karlmanns gegn konu, þ.e. þegar karlmaður beitti þvingun til náinna, líkamlegra kynna. Þessi skilgreining lá til grundvallar skilningi lærðra og leikinna á nauðgun allar götur frá 1927 til ársins 2012. Þá var skilgreiningunni hins vegar breytt og kvað nú á um kynferðislega innþröngvun eða innrás. Kyn var ekki nefnt.

Fátt er um rannsóknir á karlkynspöndum ofbeldis í kynlífi. Þær finnast þó á stangli frá miðjum síðasta áratugi síðustu aldar, um tuttugu ára skeið eða svo. Í rannsókn frá 1995, sem ættuð er frá BNA, og beinist að háskólastúdentum, segir m.a. „Fyrri rannsóknir á hegðun fólks á stefnumótum gerðu því skóna, að konur væru fórnarlömb, en karlar gerendur. ... Enda þótt konur telji sig fremur fórnarlömb, heldur en karlarnir, virðast bæði kyn eiga sök á þvingunum, sem höfðu í för með sér undanlátssemi, allt frá kossu til samfara. Þvinganir af þessu tagi fólu í sér; lyfjanotkun, fjárkúgun, lygar, tóm loforð, sektarkennd, ógnanir um sambandsslit, þráláta snertingu, að koma undir sig, innlokun, ógn um líkamlegt ofbeldi, að neyta aflsmunar og beita vopnum. Fjölpátta tölfræðigreining leiddi í ljós, að líklegra var að konur teldu sig beitta ofbeldi, þegar þvingunum eins og innlokun, þrálátri snertingu og lygum var beitt. Sama átti við, þegar þeim var komið undir. Karlar skýrðu aftur á móti fremur frá ofbeldi, allt frá kossu til samfara, ef hlutaðeigandi beitti fjárkúgun eða vopni. Þar eð vopnaskak var fátítt, hefur þetta síðasta atriði takmarkað gildi.“

Heilbrigðisstarfsmenn á Írlandi segja nauðgun á körlum enn launungarmál, sem liggi í þagnargildi – einnig í alþjóðlegu samhengi. Rannsóknir þeirra benda til, að viðbrögð og afleiðingar séu af svipuðum toga og hjá konum, en heift karla þó meiri. Svo virðist sem nauðgun karla sé yfirleitt hrottalegri en þær nauðganir, sem konur verða fyrir.

Starfsmenn þjóðtækrar skrár yfir fórnarlömb afbrota (National Crime Victimization Survey) í BNA innti heimilisfólk fjórtíu þúsund heimila eftir nauðgun eða öðru kynferðislegu ofbeldi. Í ljós kom, að 38 af hundraði þolenda voru karlmenn. Eftir frekari eftirgrennsan komst Lara Stemple við Kaliforníuháskóla í Los Angeles (UCLA) að þeirri niðurstöðu, að tiltala kvenna og karla sé svipaðri, en nokkurn skyldi gruna. Hún bendir einnig á, að viðhorfum gagnvart kyni þolenda þurfi að breyta og sérstaklega þeirri bábilju, að konur séu ævinlega fórnarlömb karla.

Hin nýja skilgreining á nauðgun var svo útfærð í anda hinna nýju laga þannig, að þvingun til innrásar eða innþröngvunar í líkama annars með einhverjum hætti og við ótilteknar aðstæður, var svo lögð til grundvallar þjóðtækri könnun á kynferðislegu ofbeldi í nánnum samböndum (National Intimate Partner and Sexual Violence Survey) árið 2010. Fyrirgreind Lara Stemple stóð fyrir þeirri könnun. Þau undur og stórmerki gerðust að 1.270 milljón kvenna og 1.267 milljón karla kváðu sig hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Jafnari á metum getur ofbeldið varla orðið. Í öðrum yfirlitsrannsóknum hafa 46 af hundraði karla skýrt frá kynferðislegu ofbeldi af hálfu kvenna. Í fyrirgreindri rannsókn unninni í samvinnu við Ilan H. Meyer, og greint er frá 2014, segir m.a.: „Við komust að þeirri niðurstöðu, að þjóðtækar kannanir varpi ljósi á verulegt algengi kynferðislegs ofbeldis gegn körlum – að mörgu leyti ámóta því, sem á við um konur. Við greindum þætti, sem viðhalda bábiljum um kynferðislegt ofbeldi gegn karlmönnum: styrk hefðbundinna staðalímýnda, úr sér gengnar og lauslegar skilgreiningar, og aðferðafræðilegir ágallar, þar sem fangar hafa verið undanskildir.“ (Lauslega snarað af undirrituðum.)

Eins og fyrr er ýjað að, er algengi kynferðislegs ofbeldis meðal almennings geigvænlegt. Í BNA eru 21 milljón karlmanna beittar slíku ofbeldi, á móta fjöldi og veikist af krabba í blöðruhálskirtli. Þessi fjöldi er fjórum sinnum meiri, heldur en fjöldi þeirra karlmanna, sem þjáist af hjartasjúkdómum. En þeir eru ein helsta dánarorsök þeirra.

Í fangelsum BNA þrífst kynferðisleg misnotkun ekki síður en meðal almennings. Í rannsókn, þar sem margháttuðum aðferðum var beitt, reynist fjöldi kvartana vera hvorki meira né minna en 900.000 talsins. Andstætt því haldi manna, að konur séu þar fyrst og fremst fórnarlömb, kom annað í ljós. Kvenfangar voru frekast misnotaðir af öðrum kvenföngum, en karlar af fangelsisvörðum. Margir þeirra voru kvenkyns. Kynferðisleg misnotkun kvenfanga á hver öðrum er töluvert algengari, en slík misnotkun meðal karlfanga. Í unglingsfangelsum töldu 89 af hundraði drengja sig misnotaða af kvenfangavörðum.

Í nýrri rannsókn er fleira, sem kemur á óvart. Í könnunum á karlkyns háskólastúdentum í BNA kom í ljós, að rúmur helmingur þeirra skráði að minnsta kosti kynferðislega misnotkun einu sinni frá 16 ára aldri. Helmingur þeirra sagði sig misnotaðan af konum. Í annarri svipaðri könnun sögðu 43 af hundraði sig hafa orðið fyrir kynferðislegri ágengni (coercion), sem venjulega endaði í samförum. Nær allir þeirra urðu fyrir árás kvenna.

Í upphafi annars áratugar þessarar aldar fór fram í BNA fyrsta, þjóðtæka könnun á kynferðislegri áreitni unglinga. Niðurstöður voru í stuttu máli þær, að yngri drengir sýndu slíka óhæfu mun fyrr en stúlkurnar. En upp úr átján ára aldri var hlutfall þeirra svipað, drengir tóku fremur niður fyrir sig í aldri, en stúlkur aftur á móti upp. Um 9 af hundraði unglinganna skýrðu frá kynferðislegri óhæfu í garð annarra af einhverju tagi.

Rannsóknir, þótt ónógsamar séu, gefa vísbendingar um, að einn af hverjum sex karlmönnum verði fyrir nauðgun á unglingsárum (fyrir 18 ára aldur). Algengi virðist samkvæmt þessum rannsóknum mælast á bilinu 14 til 18%. En trúlega er um vantalningu að ræða, þar eð drengir eru tregari til heldur en stúlkur að tala um og kæra verknaðinn. Í vandaðri rannsókn frá 1997 segir: „Almennt séð var niðurstaðan sú, að konur og karlar séu frábrugðin, þegar þau skýra frá kynferðislegri misnotkun í æsku. Um það bil 16 af hundraði karla, sem eru staðfestir þolendur kynferðislegs ofbeldis, telja sig hafa verið beitta slíku harðræði, samanborðið við 64 af hundraði kvenna“ í sömu stöðu. (Lauslega snarað af undirrituðum.) Nauðgun á nefndu aldurs skeiði hefur í för með sér aukna áhættu á alvarlegum, andlegum afleiðingum eins og áfallastreituröskun, þunglyndi, fíkniefnaneyslu, áfengissýki, sjálfsvígsvangaveltum, sjálfsvígstilraunum, vandkvæðum í nánnum samböndum, vanhöldum í vinnu og slakan námsárangur.

Rannsakendur kynofbeldis hafa þrífaldleg rekið sig á undanbrögð fórnarlamba, sem misnotuð voru í æsku, hvort heldur sem var af karli eða konu, til að tjá sig um misnotkun af hálfu kvenna. Óþægindin, sem þetta hefur í för með sér, verður stundum til þess, að þau ljúga til um kyn níðingsins. Karlar liggja undir þeim þrýstingi einnig, að túlka kynferðislega áreitni kvenna sem eins konar þjálfun í ástar- eða hvíluþrögðum. Stundum er þeir gerðir ábyrgir fyrir þeim, í öðrum tilvikum er haldið að þeim þeirri firru, að karlmenn séu alltaf til í tuskið. En komi til þess, að kvenkynsníðingar séu kærðir, má búast við, að mildar verði tekið á málum þeirra en karlanna; mál þeirra síður rannsökuð og þeim síður refsað. Ódæði karla eru talin skeinuhættari en samsvarandi ódæði kvenna. Það er í sjálfu sér ekki einungis í réttarkerfinu, að níðingum af kvenkyni er sýnd linkind. Það er sömuleiðis algengt, að starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, af uppeldis og félagssviði, geri lítið úr glæpum þeirra.

Christopher Anderson tók nýlega saman eftirtaldar staðreyndir (og spádóma) um karlkynsþolendur kynofbeldis á vegum deildar 56 í Bandaríska sálfræðingafélaginu: 1) Um fjórðungur karlmanna í BNA munu verða þolendur kynofbeldis í lífinu. 2) Gera má ráð fyrir, að einn af hverjum sex drengjum megi þola kynofbeldi í æsku. 3) Kynferðislega misnotaðir karlar í hernum eru fleiri en nemur fjölda kvenna þar. 4) Fangelsaðir karlar eiga fremur á hættu en aðrir að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. 5) Um það bil helmingur barna í kynlífsprælkun í BNA eru drengir. 6) Karlkyns þolendur kynofbeldis ljóstra síður upp um ódæðið, skilgreina síður ódæðið sem kynofbeldi, leita síður hjálpar. 7) Ríkjandi viðhorf virða fremur að vettugi skaða og hneisu, sem karlkyns þolendur kynofbeldis verða fyrir, en þegar um konur er að ræða. 8) Rannsóknir benda til, að verulegur hluti níðinga séu konur, þegar um er að ræða kynofbeldi gegn körlum.

Eins og hinn glöggi lesandi vafalítið hefur skilið, er hér um að ræða útlendar rannsóknir. Mér er ekki kunnugt um samsvarandi íslenskar. Það er því óvíst, hvort niðurstöður endurspegla íslenskan veruleika. En ekki er það ósennilegt.

Höfundur er ellilífeyrisþegi